

Nr. 20-036 S 025 Júlíus Geirmundsson ÍS 270***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1977
IMO: 8803513
Smíðaður: Póllandi 1989, stál
Útgerð: Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf
Stærð: 771,6 brl. 1402 bt.
Mesta lengd: 57,58 m *Skráð lengd:* 54,24 m
Breidd: 12,1 m *Dýpt:* 7,5 m
Vél: Wärtsilä 2460 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 25



Júlíus Geirmundsson©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 5. júní 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 4. janúar 2020 var frystitogarinn Júlíus Geirmundsson ÍS 270 á veiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: SV 20 m/sek.

Baadermaður var að fara eftir togþilfarinu með hnífa frá fiskvinnsluvélum til brýningar þegar hann missti fótanna og féll með hægri höndina á skilrúm fyrir trollin í þilfarinu. Við fallið fór hann úr axlarlið á hægri hendi og kvarnaðist úr skálinni. Siglt var með slasaða til Ísafjarðar.

Við rannsókn kom fram:

- að snjór var á togþilfarinu og skipverjinn missti fótanna á veltunni;
- að hnífarnir voru í kassa og til að brýna þá þurfti skipverjinn að fara yfir togþilfarið þar sem var aðstaða var til að brýna þá í rými á togþilfarinu.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.